

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustu er Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast nr. 126 19. febrúar 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. apríl 2000.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hraungerðishreppi.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis úr landi Hraungerðis var samþykkt á fundi hreppsnefndar Hraungerðishrepps þann 16. janúar 1996.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málgögnin og telur að reglum og venjum um málsmeðferð deiliskipulags sbr. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 318/1985 hafi verið fullnægt. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Þingborg, 31. mars 2000.

Guðmundur Stefánsson oddviti.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 10/2000 um framtalsfresti og álagningu samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt 2000.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta framtalsfresti lögaðila og tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 93. og 98. gr. sömu laga, til að ljúka álagningu á skattaðila vegna tekna á árinu 1999 og eigna í lok þess árs og semja og leggja fram álagningarskrár sem hér segir:

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en 30. júní 2000.

Álagningu tekjuskatts og eignarskatts á einstaklinga skal lokið eigi síðar en 31. júlí 2000.

Álagningu tekjuskatts og eignarskatts á lögaðila skal lokið eigi síðar en 27. október 2000.

Álagningu tryggingagjalds skal lokið eigi síðar en 27. október 2000.

Reykjavík, 10. apríl 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.